

# HJÁ RISAEÐLUM





Þessi bók er í 3. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



# Hjá risaeðlum

## Samhljóðasambönd 8

ISBN 978-9979-0-2560-3

2003 © Kristín Steinsdóttir

2003 © teikningar Rebekka Rán Samper

Ritstjóri: Sylvía Guðmundsdóttir

Fagleg ráðgjöf: Þóra Kristinsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2003


önnur prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Sverrir  
svarar

## Skóli

Það er komið haust.  
Hlín, Bjarki, Trilla og Sverrir  
hittast í skólanum.

– Takk fyrir söguna!  
hrópar Bjarki glaður.  
Hann veifar bréfinu frá Trillu.

– Takk fyrir myndina,  
svarar Trilla og brosir.



Hvað hrópar Bjarki?

hvert  
Sverrir




## Siggi frændi

- Hvert fórst þú í fríinu, Sverrir?
- Ég fór með mömmu til Sigga frænda í London.

Svo réttir hann Hlín, Bjarka og Trillu litlar risaeðlur.



svaka-lega  
kvef



– Þið megið eiga þær,  
segir Sverrir.

– Svakalega er hún sæt,  
segir Hlín og hóstar.

Hlín er með slæmt kvef.



Hver var með kvef?

svaka-lega  
hvíslar



## Risaeðlur

– Á ég að segja ykkur  
svakalega sögu?  
hvíslar Sverrir.

Krakkarnir kinka kolli.



– Ég fór með Sigga frænda  
á safn í London.  
Í einum salnum  
voru tvær risaeðlur.

Þær voru stærri en hvalir.



tvær  
hvalir



hvíslað  
eitthvað

showroom

4

Dimmulega  
magnuð



## Leyndarmál

– Þegar ég gekk inn í salinn  
fannst mér vera hvíslað  
að eitthvað væri að, segir Sverrir.

Hann er mjög alvarlegur.







– Að eitthvað væri að?  
hvísla krakkarnir hissa.

– Já, ég heyrði hvin í loftinu  
og einhver var að hvæsa.



Hvað heyrðist í loftinu?


hvás  
hvæsa  
hvíslaði  
hvítur



## Hvás

– Ég sneri mér snöggð við  
og önnur risaæðlan var að hvæsa,  
hvíslaði Sverrir.

Hann er orðinn hvítur í framan.



svarar  
þver

– Nehei! hrópa krakkarnir í kór.

– Víst, svarar Sverrir þver.  
Svo sneri eðlan hausnum  
og horfði beint á mig.



Hver horfði beint á Sverri?

svarar  
svimaði



## Reiður

Nehei! hrópa krakkarnir aftur.

– Víst, svarar Sverrir.

En Siggí frændi sá ekkert  
og vildi engu trúa.

Mig svimaði, ég var svo reiður.





ákveðinn

– Já, en risaæðlur dóu út  
fyrir milljónum ára,  
segir Bjarki ákveðinn.

Petta eru bara beinagrindur!





## Beinagrindur

– Ég veit að risaeðlur dóu út,  
svarar Sverrir.

En ég fór aftur og aftur á safnið.  
Þetta var alltaf svona.

Risaeðlan vill segja mér eitthvað!



hvæstu  
hvalirnir  
hvað



– Bíddu við, segir Trilla hugsandi.  
Hvæstu hvalirnir?  
Og hvæstu ljónin?

Sverrir hristir höfuðið og svarar:  
– Ég verð að komast að því  
hvað hún vill.

svæðið  
hver



## Ferðalag

– Við verðum að fara  
og rannsaka svæðið, segir Sverrir.

Hver vill koma með mér  
að hitta risaeðluna næsta sumar?





sveiflast  
svíkja



Þrjár hendur sveiflast á loft.  
– Ég vissi að þið mynduð  
ekki svíkja mig!  
segir hann og brosir.

Þau brosa öll.  
Svo hringir skólabjallan.



# Lestu og lærðu orðin!

hittast

stærri

snögg

réttir

fannst

önnur

nokkuð

hissa

milljón

gekk

vissi

bíddu


hrópar  
bréfinu  
brosir  
fríinu  
frændi

krakkarnir  
trúa  
hristir  
þrjár  
hringir

beina-grindur

risa-eðlur

skóla-bjallan



## Til kennara

Tilgangur þessa bókaflokks, sem er alls átta bækur, er að vekja lestraráhuga nemenda og þjálfá þá í að lesa orð með samhljóðasamböndum. Við gerð bókarinnar *Hjá risaæðlum* eru sérstaklega valin orð með *sam-hljóðum á undan v í upphafi orða*, þ.e. orð eins og *kvef, hvíslar, þver, svæði*.

**Forspá/umræður.** Nemendur og kennari skoða bókina saman og ræða efni hennar út frá titli, kaflaheitum og myndum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Sagan gefur einnig tilefni til að ræða um mismunandi söfn og margvíslegt gildi þeirra.

**Orðaforði.** Í sögunni eru nokkur framandi orð sem þarf að útskýra. Dæmi: *hvinur, hvæsa, hvás, deyja út*. Fundin samheiti og andheiti ef það á við.

**Hljóðgreining.** Kennari segir orð, barnið hlustar eftir tilteknu samhljóðasambandi. Hvar er það í orðinu? Æskilegt að nota fleiri orð en eru í textanum.

**Orðalestur.** Kennari skrifar orðin á lítil spjöld og æfir nemendur í að lesa þau stök. Búta má orðin í lesbúta, dæmi: *sva-rar, hvís-la, hvæ-sa*. Sum börn þurfa æfingu í að lesa önnur orð í textanum, sjá orðakassa á bls. 16. Þar eru tekin út orð með tvöföldum samhljóða, samsett orð (sjá einnig *Til kennara: Úrvinnsla í þriðju og fjórðu bók*) og orð með samhljóðasamböndum sem voru sérstaklega æfð í sögunni *Í lofti*.

**Lestur.** Sagan lesin. Vakin athygli á spurningunum neðst á hverri síðu sem eru ætlaðar til að skerpa athygli og lesskilning.

**Ritun.** Nemandi skrifar stöku orðin í litla bók eftir að hafa lesið þau tvisvar til þrisvar sinnum. Sumir geta e.t.v. búið til setningar með einu eða tveimur orðum og myndskreytt. Þetta getur verið skemmtilegt heima- eða samvinnuverkefni. Foreldri eða skólafélagi les upp stöku orðin, barnið skrifar eftir upplestri og svo er farið sameiginlega yfir á eftir. Skrifað og teiknað um eigið sumarfrí og frí Hlíнар, Bjarka, Trillu og Sverris.

Á vef Menntamálastofnunar eru verkefnablöð með sögunni.

# SMÁBŌK

8


SAMHLJÓÐASAMBÖND

Smábækur Menntamálastofnunar  
eru ætlaðar börnum sem eru  
að læra að lesa.

*Hjá risaeðlum* er síðasta bókin af  
átta þar sem áhersla  
er lögð á að æfa orð með  
samhljóðasamböndum.

Í þessari bók eru sérstaklega  
æfð orð með samhljóðum á  
undan v í upphafi orða.

Kristín Steinsdóttir  
er höfundur efnis.



Teikningar eru eftir  
Rebekku Rán Samper.